

HÍF

TÍZKUBLAD

3. tbl. 3. árg. 1980 Verð kr. 2600,—

Allt um sólböð
Halldóra Eldjárn
Myndir á veggjum
Vel snyrt og eðlileg

Léttklædd í summar

Hvernig á einkaritarinn að vera?



Forsíðumyndin er af Kristínu Hrund Davíðsdóttur.

Snyrtning:
Sigrún Sævarsdóttir með Jean d'Avéze.

LJÓSM.: LOFTUR ÁSGEIRSSON



Tísk

Bls. 28. Kjóll fyrir milljón – frá Bill Blass. Anna Björnsdóttir skrifar frá Los Angeles.

— 42. „Tískupáttur“. Úrvall frá íslenskum verslunum.

— 76. Sex þeir vinsælustu í París. Eva Vilhelmsdóttir skrifar um tískukónga í París.

Hárgreiðsla og snyrtning.

Bls. 33. Nýtt . . . Nýtt . . . Kynning á nýjungum í snyrtivörum.

— 60. Vell snyrt og eðlileg. Ingibjörg Dalberg snyrtir Bryndísi Schram og gefur góð ráð varðandi andlitssnyrtingu.

— 83. Sól. Gunnhildur Gunnarsdóttir snyrtifræðingur skrifar um áhrif sólar á húdina.

Viðtöl

Bls. 8. Hvað ætlaðir þú að verða, þegar þú varst lítil? Ólafur Ragnarsson ritstjóri, Björn Vignir Sigurpálsson ritstjóri, Jón Sigurðsson ritstjóri, Einar Karl Haraldsson ritstjóri, Ólafur Sigurðsson fréttamaður og Ómar Ragnarsson fréttamaður svara spurningunni.

— 10. „Vinnumarkaðurinn sækist vart eftir miðaldra húsmæðrum“. Jóhanna Kristjónsdóttir blaðamaður heimsækir Halldóru Eldjárn.

— 38. „Hrá hrogn eru kóngamatur“. Anna Kristine Magnúsdóttir ræðir við Agnar Kofoed Hansen um matargerð.

— 40. „Hvað, er enginn ljósmyndari?“ Emelía Björg Björnsdóttir ljósmyndari Morgunblaðsins í spjalli við Líf.

— 64. Atvinnuumsókn. Jón Júlíusson framkvæmdastjóri hjá Flugleiðum, Ari Guðmundsson starfsmannastjóri Landsbanka Íslands, Emil Guðmundsson hótelsstjóri Hótel Loftleiða og Guðlaugur Bergman forstjóri Karnabæjar hjálpa okkur að svara spurningunni: Hvernig á einkaritarinn að vera?

— 70. Meðganga, fæðing, fóstureyðingar. Leó M. Jónsson ræðir við Dr. Sigurð Magnússon lækni.

— 74. „Ég trúi á heppnina“. Líf heimsækir Ágústu Daníelsdóttur sýningstarstíku í París.

Greinar

Bls. 16. Börn, skilgetin – óskilgetin. Gísli Baldur Garðarsson hdl. skrifar.

— 30. Hálf prestshempa. Sæmundur Guðvinsson blaðamaður skrifar.

— 34. Grafík Ragnheiðar Jónsdóttur.

— 54. Miðaldaporpið Perouges í Frakklandi. Tómas Tómasson heimsækir porpið, sem er uppáhald kvikmyndagerðarmanna.

— 82. Taktu fram hjólið – og losaðu þig við aukakílóin. Dr. Ingimar Jónsson skrifar um hjólreiðar.

— 86. Að fara vel með matvæli. Vigdís Jónsdóttir skólastjóri skrifar.

— 95. „Mafi, mafi!“ Goði Sveinsson segir frá heimsókn sinni til Saudi-Arabíu.

Heimilið

Bls. 58. Handavinna. Prjónauppskrift af kjól úr eingirni.

— 89. Myndir á vegg. Erna Ragnarsdóttir innanhússarkitekt lítur inn til Ingimundar Sveinssonar, Valtýs Péturssonar, Aðalsteins Ingólfssonar, Guðna Erlendssonar, Friðriks Páls Friðrikssonar, Jóns Reykdals, Páls Magnússonar, Kristjáns Davíðssonar, Gylfa Gislasonar og Kristjáns Ragnarssonar til að leita svara við spurningunni: Hvernig á að koma fyrir myndum á heimilinu?

Líf og list

Bls. 19–26

Þá gáðu konur einskis annars. Helga Kress skrifar um bókmenntir.

„Petta er eins og kökubakstur“, spjallað við Kjartan Ragnarssons um leikritin „Jóa“ og „Snjó“.

Sjálfstæðir leikhópar. Jakob S. Jónsson skrifar um leikhús.

Blikktrumban. Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson skrifar um kvikmyndir.

Steve Howe og Yes. Geir Sigurðsson skrifar um popp.

3. tbl. 1980. Útgefandi Frjálst framtak hf. • Skrifstofa Ármúla 18, Reykjavík • Símar 82300 og 82302 • Framkvæmdastjóri Jóhann Briem • Framkvæmdastjóri Pétur J. Eiríksson • Ritsjóri Katrín Pálsdóttir • Framleiðslustjóri: Ingvar Hallsteinsson • Útlitsteiknari Birgir Andrésson • Auglýsingastjórar Sigríður Einarsdóttir og Brynja Nordquist • Ljósmyndarar: Loftur Ásgærsson og Jón Ólafsson • Skrifstofustjórn: Anna Lísa Sigurjónsdóttir, Anna Kristín Traustadóttir, Ásdís Eva Hannesdóttir, Martha Eiríksdóttir • Setning: Prentstofan Blik hf. • Litgreining: Prentmyndastofan hf. og Myndamót • Prentað í Bandaríkjum • Verð kr. 2.600,— • Áskriftarverð kr. 1.990,— • Öll réttindi áskilin varðandi myndir og efni.



MYNDIR Á VEGG



Á veggnum í stofu Ingimundar Sveinssonar arkitekts og Sigríðar Arinbjarnardóttur hangir veggteppi eftir Ásgerði Úbadóttur. Teppið sem heitir Bergmál er úr íslenskri ull, sauðsvartri og litaðri með indigo, og hrosshári. Til vinstrí á sama vegg er mynd eftir Jóhannes Jóhannesson.



Andríkur stigagangur mærir gestkomandi við anddyrið að íbúð þeirra Valtýs Péturssonar listmálarar og Herdísar Vigfúsdóttur. Myndirnar eru flestar grafík eftir listamenn frá Norðurlöndum, Þýskalandi og viðar.

Dörf fólks til að tjá sig í mynd hefur fylgt mannkyninu frá upphafi, sem miðill til að koma boðum milli manna, segja sögur á þann hátt sem allir gátu skilið, svo sem veiðimyndir hellanna fornu eru gott dæmi um. Hinrar fögru freskumyndir, mósaik og trönumálverk í kirkjum og höllum gáfu auk fegurðar sinnar sérstaka þýðingu staðnum sem þeim var valinn. Skreytingar kirkjanna voru svo samofnar þeim samkundum sem þar fóru fram að án þeirra voru þær ekki hugsanlegar. Bestu listamenn hvers staðar og tíma voru iðulega fengnir til bess að skapa þessi verk.

Mynd segir meira en fjölmög orð, tjáir hluti sem við mundum ekki skilja á sama hátt væru þeir í töluðu máli. Ef um skapandi listaverk er að ræða fáum við tengsl við og innsýn í hugsun, tilfinningar og sál listamannsins, sem leitar fullkomunar í verkum sínum, menningu hans og samtið.

Í hibýlum og vistarverum nútímafólks heldur myndlistin sessi sínum vegna bess að góð verk eru fegurðarauki og gefa lífinu innihald og dýpri merkingu. Við komum fyrir höggmyndum, málverkum, vefmyndum og keramik á þeim stöðum þar sem verkin njóta sín sem best og ná til sem flestra.

Því verður heldur ekki neitað að góð myndverk gefa vistarverum oftast skemmtilegan svip og óvæntan, liti og

, „karakter“ sem erfitt gat verið að spá um fyrirfram hvernig yrði. Unggæðingsleg nútímaþúð fær skyndilega á sig heimspekilegan virðuleikablæ, þegar expressionistískt landslagsmálverk kemur til skjalanna. Á sama hátt er fátt sem gefur „gómlum“ vistarverum nútímalegri svip en samtíma verk á bord við fjöruga poppmynd eða „supergrafík“.

Meðal arkitekta hafa verið skiptar skoðanir um myndlist í húsum og stundum heyrst á þeim bæjum að góð bygging krefðist engra skreytinga vegna þess að hlutföll, efni, áferð, litir, rými og samspil allra þátta í byggingum ætti að vera fullkomnið listaverk í sjálfa sér.

Margt bendir þó til að þeim fjöldi sem telja að hibýli, ekki síst heimili sé svo persónulegt fyrirbæri og nátengt þeim sem að því standa, að hlutverk arkitekta og hönnuða hljóti í besta falli að vera að skapa verðugan ramma um líf og list íbúanna sjálfra.

Oft er sagt að heimili okkar séum við sjálf, að við afhjúpum persónuleikann við sköpun rammans um daglegt líf, í vali okkar á litum, efnunum, húsgögnum, munum. Sé svo að hér leynist sannleikskorn þá á þetta áreiðanlega enn betur við um þá list sem við kjósum að hafa í nánasta umhverfi okkar.

Þegar staðið er frammi fyrir því að velja mynd er holtt að minnast þess að góð list er oft yfirþyrmendi, jafnvel ögr-

andi, vegna þess að hún hefur tilhneigu til þess að tjá hugsanir sem eru frammandi, viðhorf ókomins tíma og leitast við að brjóta þeim leið, – oft óþægilégan sannleika um okkur sjálf. Það er í eðli góðra lista að kryfja hlutina til mergjar og segja frá þeim á nýjan og ferskan máta, – fá okkur til þess að sjá veroldina frá öðrum og óvæntum sjónarpunktum.

Það krefst því viss hugrekkis að nálgast raunverulegt skapandi listaverk en sýnist á hinn bóginn oft einfalt og auðvelt að velja eitthvað sem er rólegt og öruggt og „stuðar“ engan. Það er þó vísast að su mynd sé minna virði en hin.

Það er undir engum kringumstæðum réttlætanlegt að stilla upp lélegri list eingöngu vegna þess að fylla þarf uppí auð veggrými eða vegna þess að mynd mundi „fullkomna“ heildarsvip fínnar stofu eða dýrra innréttunga. Við hljótum að velja myndlist með því hugarfari að við óskum eftir fegurð og þeirri upplifun sem þessi verk veita í líf okkar.

Mjög margar leiðir eru til þess að koma myndum fyrir, eins og meðfylgjandi ljósmyndir sýna, og erfitt að alhæfa í þeim efnunum. En eftir heimsóknir okkar Lofts ljósmyndara á öll þessi skemmtilegu heimili höfum við a. m. k. dregið einn lærðom, sem sé að ef menn vilja koma upp mynd, þá er alltaf til pláss fyrir hana. ■




Í íbúð þeirra Aðalsteins Ingólfssonar listgagnrýnda og Janet konu hans er veggrýmið vel nýtt fyrir myndlist af ýmsum toga. Á vegg til vinstri frá glugga hanga tvær gifsprykkmyndir eftir pólska listamanninn Ruzard Otremba. Undir glugganum hanga litlar grafíkmyndir og teikningar eftir íslenska listamenn þ. á. m. Braga Ásgeirsson og Hörð Ágústsson ásamt listamönnum frá Indlandi og Japan. Glermynd í glugga er eftir Leif Breiðfjörð. Á vegg til hægri er uppkast að glermynd eftir Leif og framan við hana mynd eftir Magnús Tómasson.




Guðni Erlendsson og Steinunn Skúladóttir eru ötulir listasafnarar og heimili þeirra er þétt skipað listaverkum. Þau eru m. a. eftir Sverri Ólafsson, steinrent eftir Lilju Antonsdóttur, gifsrelief eftir Braga Ásgeirsson, olíumynd eftir Ómar Skúlason, collage eftir Magnús Kjartansson, Box art eftir Karl Júlíusson, Skrímslið eftir Alfreð Flóka og kolateiknin eftir Valtingojer.



Plakat með myndum af öllum páfum frá upphafi páfa-dóms hefur verið komið fyrir á óvenjulegum stað í íbúð Páls Magnússonar sálfræðings.



Gylfi Gíslason myndlistarmaður hefur raðað saman „míníatúr“ fjölskyldumyndasafni á einum vegg í vinnustofu sinni.



Kristján Davíðsson listmálarí hefur komið fyrir stóru olíumálverki í enda stofunnar á heimili þeirra Svanhildar Þjörnsdóttur. Önnur mynd eftir Kristján hangir á vegnum til hliðar ásamt litlu málverki eftir Þorvald Skúlason.




Stofuveggur Kristins Ragnarssonar arkitekts og Huldu Ólafsdóttur er þakinn grafíkmyndum eftir íslenska listamenn þ. á. m. ein eftir Þórð Hall og erlenda m. a. frá Póllandi og Þýskalandi.



Friðrik Páll Friðriksson myndlistarmaður og Steinunn Harðardóttir hafa komið upp á heimili sínu samsettum myndverki eftir Steingrím Eyfjörð Kristmundsson. Verkið er samsett úr fjórum smáhlutum hver á sinni hillu og fjórum blíhants og lítateikningum sem tengjast smáhlutunum.

Til hægri við verk Steingríms er klippmynd eftir Kristján Kristjánsson en á veggnum til hægri hanga tvær koncept-myndir eftir Friðrik, Nostalgia og Falling in love.



„Grafíkhornið“ mætti kalla þennan hluta íbúðar myndlistarfólksins Jóns Reykdals og Jóhönnu Þórðardóttur. Stóra myndin er kopargrafík eftir Björgu Þorsteinsdóttur og við hlið hennar fjórar japanskar tréristur. Á veggnum til hliðar eru í efri röð; jafþönsk grafíkmynd og dúkrista eftir danann Palle Nielsen en í þeim neðri tvær dúkristur eftir Jón Engilberts. Ofan við skápin er grafíkmynd eftir Þórd Hall. Þess má geta að þúðarnir í sófanum eru saumaðir úr tauþrykki eftir Jóhönnu, þrykkt sparlega til þess að draga athyglina ekki um af frá myndunum. Tauþrykk hefur marga möguleika. Þessi shangi eftir sánsku listakonuna Taníu Alyhr var keyptur sem metravara og prýðir hér vegg frá lofti niður í gólf.